

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 156/2018**

2021/EES/13/34

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/501 frá 22. mars 2018 um viðurkenningu á Soldánsveldinu Óman samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56jw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1239) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„56jx. **32018 D 0501**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/501 frá 22. mars 2018 um viðurkenningu á Soldánsveldinu Óman samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtið. ESB L 82, 26.3.2018, bls. 15).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/501, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 82, 26.3.2018, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.